

# LÖG UPPREISNAR

## UNGLIÐAHREYFINGAR VIÐREISNAR

### I. Heiti og markmið

1. gr. Félagið heitir Uppreisn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk félagsins er að:

Halda utan um ungliðastarf Viðreisnar á öllu landinu.

Gæta hagsmuna ungliða Viðreisnar.

Stuðla að því að rödd ungliða Viðreisnar fái að heyrast innan flokksins og í samfélaginu öllu.

Standa fyrir fræðslu um þjóðfélagsmál.

3. gr. Uppreisn gætir jafnréttis í öllum störfum sínum. Sérstaklega skal þess gætt að ekki halli á einstakling vegna kyns, kynvitundar, kyneinkenna, kynhneigðar, hreyfigetu, trúarafstöðu, uppruna, litarhafts, eða stöðu að öðru leyti þegar valið er í trúnaðarstörf á vegum hreyfingarinnar.

## II. Félagar

4. gr. Félagsaðild að ungliðahreyfingunni hljóta allir félagar í Viðreisn á aldrinum 16 til 35 ára.

5. gr. Úrsögn úr ungliðahreyfingunni skal berast stjórn skriflega eða með rafrænum hætti og stafa frá viðkomandi aðila.

## III. Aðalfundur

6. gr. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en fjórðu vikuna í september ár hvert. Til aðalfundar skal boða með áberandi tilkynningu á samfélagsmiðlum og með tölvupósti til allra félaga, með fjögurra vikna fyrirvara hið skemmsta.

7. gr. Dagskrá aðalfundar skal vera:

Kosning fundastjóra aðalfundar.

Val á ritara aðalfundar.

Skýrsla forseta.

Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga ungliðahreyfingarinnar.

Málefnaumræður og ályktanir.

Lagabreytingar.

Kosning stjórnar ungliðahreyfingarinnar.

8. gr. Allir félagar í Uppreisn, sem skráðir hafa verið í félagið minnst viku fyrir aðalfund, hefur kjörgengi í embætti og atkvæðisrétt þegar kosið er í stjórn eða um lagabreytingar

9. gr. Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út viku fyrir aðalfund. Ef ekkert framboð berst í eitthvert embættanna er stjórn heimilt að framlengja framboðsfrest fyrir það tiltekna embætti. Í þeim tilvikum ber stjórn að auglýsa að ekkert framboð hafi borist og að framboðsfrestur hafi verið framlengdur. Tryggja skal að frambjóðendur til embætta hafi jafnan aðgang að kjörgögnum, þ.m.t. félagatali, strax við fundarboð á aðalfund.

10. gr. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögum um lagabreytingar skal skila til stjórnar félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Stjórn skal auglýsa lagabreytingatillögur með áberandi hætti eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Til að lagabreytingatillaga nái gildi þarf hún samþykki að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  fundarmanna. Um lagabreytingar skal kosið með handauppréttingum nema fundur

samþykki leynilega kosningu að tillögu fundarmanns. Fundarstjóri telur atkvæði og ritari aðalfundar skráir þau niður.

11. gr. Kosning til stjórnar skal vera skrifleg og leynileg. Stjórn félagsins skal skipa kjörstjóra tveimur vikum fyrir aðalfund og velur hann tvo aðila til að sitja með sér í kjörstjórn. Fulltrúar kjörstjórnar geta ekki boðið sig fram í til stjórnar félagsins. Kjörstjórn telur atkvæði og tilkynnir úrslit að talningu lokinni. Ritari aðalfundar skráir niðurstöður niður.

#### IV. Stjórn félagsins

12. gr. Í stjórn félagsins skulu sitja fimm einstaklingar. Embætti stjórnar eru forseti, varaforseti, gjaldkeri, viðburðastjórnandi og alþjóðafulltrúi.

13. gr. Stjórn er kosin til eins árs í senn. Allir stjórnarmeðlimir skulu kosnir sérstaklega. Stjórn félagsins skipar nefndir á vegum hennar.

14. gr. Forseti hefur yfirumsjón með störfum stjórnar og stýrir fundum hennar. Hann er jafnframt fulltrúi stjórnar út á við. Varaforseti tekur sæti forseta í forföllum hans, hann ritar jafnframt fundargerðir stjórnar. Gjaldkeri heldur utan um fjármál ungliðahreyfingarinnar. Viðburðastjórnandi skipuleggur félagsstarf ungliðahreyfingarinnar. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með samskiptum ungliðahreyfingarinnar við erlend félög og samstarfsaðila.

15. gr. Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum. Ár hvert skal gjaldkeri leggja fyrir fund stjórnar fjárhagsáætlun til staðfestingar fyrir komandi almanaksár. Meðferð fjármuna og reikningsskil skulu vera í samræmi við landslög. Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang þess.

16. gr. Stjórn félagsins er óheimilt að gera samninga eða stofna til fjárskuldbindinga sem eru til þess fallnar að binda hendur komandi stjórna. Séu samningar gerðir til lengri tíma en eins árs í senn, skulu þeir innihalda uppsagnarákvæði félaginu til handa.

17. gr. Forseti ungliðahreyfingarinnar boðar stjórnarfundum með tryggilegum hætti og með minnst eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef þrír stjórnarmeðlimir hið fæsta sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði forseta úrslitum.

18. gr. Miðstjórn er samráðsvettvangur og skal vera stjórn Uppreisnar til ráðgjafar og aðstoðar. Í miðstjórn sitja allir meðlimir í stjórn Uppreisnar, allir meðlimir í stjórnnum undirfélaga Uppreisnar, formenn nefnda á vegum Uppreisnar og fulltrúar Uppreisnar í stjórnnum og ráðum samtaka sem félagið hefur aðild að. Forseti Uppreisnar er jafnframt formaður miðstjórnar. Miðstjórnarfundir skulu haldnir ársfjórðungslega hið minnsta. Stjórn Uppreisnar boðar til miðstjórnarfunda. Fundarboð skal að jafnaði sent út með viku fyrirvara, heimilt er að boða til fundar með styttri fyrirvara komi upp sérstakar aðstæður sem krefjast þess. Miðstjórn er heimilt að senda frá sér ályktanir svo lengi sem þær ganga ekki gegn samþykktri stefnu félagsins.

19. gr. Ef 10% skráðra félaga eða þriðjungur miðstjórnar óskar þess skriflega er stjórn skylt að efna til almenns félagsfundar. Almennir félagsfundir skulu auglýstir með áberandi hætti og minnst tveggja daga fyrirvara.

20. gr. Ef þriðjungur félaga, þriðjungur miðstjórnar eða meirihluti stjórnar lýsir yfir vantrausti á hendur stjórnarmeðlimi eða stjórn í heild skal boða með áberandi hætti til félagsfundar, innan tveggja vikna og með minnst viku fyrirvara. Kjósi 2/3 fundarmanna með vantrausti telst tillaga samþykkt. Kosning skal vera skrifleg og leynileg.

21. gr. Ef vantraust er samþykkt eða stjórnarmeðlimur segir af sér skal boða með áberandi hætti til félagsfundar, innan fjögurra vikna og með minnst tveggja vikna fyrirvara. Á félagafundinum skal nýr stjórnarmeðlimur kosinn til bráðabirgða og situr hann fram að næsta aðalfundi. Um framboð, kosningu og kjörstjórn fer að öðru leyti eftir ákvæðum III. kafla laganna. Ef vantraust er samþykkt gagnvart forseta félagsins eða hann segir af sér tekur varaforseti sæti hans og nýr varaforseti er kosinn í samræmi við 1.-4. málslíð þessarar greinar.

22. gr. Stjórn Uppreisnar skal starfrækja umræðuvettvanginn Allsherjaruppreisn fyrir alla virka meðlimi félagsins. Skal stjórn starfrækja þennan vettvang eftir þeim leiðum sem þykja hentugastar á hverjum tíma.

#### V. Ýmis ákvæði

23. gr. Nefndir eru vinnuhópar sem skipaðir eru af stjórn. Hver nefnd skal hafa formann sem er tengiliður nefndar við stjórn. Formaður nefndar þarf eingöngu að

vera félagi í Uppreisn og skal vera skipaður af stjórn. Nefndir ungliðahreyfingarinnar hafa ekki heimild til að skrifa undir samninga í nafni félagsins án umboðs stjórnar.

24. gr. Heimilt er að stofna undirfélög undir ungliðahreyfingu Viðreisnar. Tilgangur og hlutverk slíkra félaga skal vera í samræmi við lög ungliðahreyfingarinnar og rúmast innan stefnu Viðreisnar. Stofnun undirfélags er háð samþykki stjórnar ungliðahreyfingarinnar.

25. gr. Ef einstaklingur innan félagsins sýnir af sér ósæmilega háttsemi sem gengur gegn almennu siðferði eða hagsmunum og stefnu ungliðahreyfingarinnar er stjórn heimilt að vísa viðkomandi úr félaginu. Í þeim tilvikum á viðkomandi rétt á að fara fram á að almennur félagsfundur verði haldinn innan tveggja vikna sem hefur úrslitavald um ákvörðun stjórnar með skriflegri og leynilegri kosningu.

26. gr. Meiriháttar ágreining um lög þessi skal útkljá á aðalfundi og ræður afl atkvæða niðurstöðu.

27. gr. Ákvörðun um að leggja ungliðahreyfinguna niður skal tekin af tveimur aðalfundum í röð og samþykkt af 2/3 hluta fundarfólks á báðum fundum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar. Óheimilt er að láta eignir renna til félagsfólks.

Samþykkt á aðalfundi félagsins 23. september 2016.

Breytt á aðalfundi 28. september 2019.





# STATUTES OF UPPREISN

## YOUTH WING OF VIÐREISN

### I. Name and purpose

Article 1. The name of the organization is Uppreisn. It's home and base is in Reykjavík.

Article 2. The purpose of the organization is to:

Organize youth activities on behalf of Viðreisn all over Iceland.

Safeguard the interests of young people in Viðreisn.

Promoting the views of Viðreisn's youth, within the party itself as well as society at large.

Educate young people on issues facing Icelandic society.

Article 3. Uppreisn looks to equal rights in all it's activities. Special care should be taken not to discriminate against any individual on the basis of gender, gender identity, gender characteristics, sexual orientation, mobility, religion, origin, the colour of their skin or their social status when selecting people for positions in the organization.

### II. Membership

Article 4. Every member of Viðreisn between the ages of 14 and 35 is also a member of Uppreisn.

Article 5. Any resignation from the organization should be delivered to the bureau, either in writing or digital form, directly from the concerned individual.

### III. Congress

Article 6. The congress has the highest decisionmaking power within the organization. It should be held no later than the fourth week of september each year. The date and location of the congress should be announced with at least four weeks notice, with a



prominent announcement on social media and via e-mail to all members of the organization.

Article 7. The congress agenda should be the following:

Election of a congress chair.

Selection of a congress secretary.

President's report.

The bureau presents an audited financial report for the organization.

Policy discussions and declarations.

Statute amendments.

Article 8. Any member of Uppreish, that has been registered at least a week before the congress, has the right to run for office as well as the right to vote in bureau elections and on statute amendments.

Article 9. Candidates for bureau elections need to announce that they are running at least a week before the congress. If any office is without a running candidate the deadline can be extended for that particular office. In those cases the bureau should announce that no candidate has come forward and that the deadline has been extended. Each candidate should have equal access to all voting data, including the membership register, as soon as the date of the congress is announced.

Article 10. The statutes of the organization can only be altered at a congress. Proposed amendments to the statutes should be turned in to the bureau no later than a week before the congress. The bureau should publish the proposed amendments in a noticeable way no later than two days before the congress. For an amendment to the statutes requires the votes of at least two thirds of congress attending members to be carried. Amendments should be voted on by a show of hands unless the congress approves an anonymous vote at the proposal of an attending member. The congress chair counts the votes and the congress secretary keeps notes of them.

Article 11. Elections to the bureau shall be anonymous and in writing. The bureau should



appoint an electoral chair two weeks before the congress and the chosen electoral chair then appoints two other people to form an electoral board. Members of the electoral board can not run for office in bureau elections. The electoral board counts the votes and announces the results once counting is done. The congress secretary notes down the results.

#### IV. Bureau

Article 12. The bureau of the organization consists of five members. The offices of the bureau are president, vice-president, treasurer, event coordinator and international officer.

Article 13. The bureau is voted in on a one year basis. Each bureau member should be voted in individually. The bureau can appoint committees.

Article 14. The president oversees the work of the bureau and chairs it's meetings. He is also the bureau's representative to society at large. The vice-president replaces the president if he is indisposed and writes the bureau minutes. The treasurer handles the organization's finances. The event coordinator organizes activities and events on behalf of the organization. The international officer oversees the organization's communications with foreign organizations and entities.

Article 15. The bureau controls the affairs of the organization within the constraints specified in these statutes. It decides all it's activities as well as being responsible for it's finances and commitments to other entities. Each year the treasurer should propose a budget to the bureau for approval. The handling of finances and accounting should be in accordance with Icelandic law. Any surplus of the budget should be used in accordance to the goals and aims of the organization.

Article 16. The bureau can not make contracts or financial commitments that can impede the work of the next bureau. If any contracts are made that extend over more than a year they should include a termination clause in favor of the organization.

Article 17. The president of the organization calls bureau meetings, in a secure way, with at least one days notice if possible. Bureau meetings are considered valid as long as at least three bureau members are in attendance. Number of votes decides the outcome of bureau meetings. Should the number of votes fall evenly the president's vote decides the outcome.



Article 18. The central board is a consultative body and should advise and assist Uppreish's bureau. The central board is composed of every member of Uppreish's bureau, every boardmember of Uppreish's suborganizations, the chairs of Uppreish's committees and Uppreish's representatives on boards and committees of organizations of which Uppreish is a member. The president of Uppreish is also the chair of the central board. Meetings of the central board should be held at least once every three months. Meetings of the central board are called by the bureau. Meetings should be called with one week's notice, unless special circumstances call for a shorter notice. The central board is free to release declarations and make resolutions as long as they do not go against the organization's approved policy.

Article 19. If 10% of registered members or a third of the central board demand a general meeting in writing the bureau is obligated to hold such a meeting. General meetings should be advertised in a noticeable way with at least two days notice.

Article 20. If a third of the membership, a third of the central board or majority of the bureau declare no confidence in a bureau member or the bureau as a whole a general meeting should be called, within two weeks and with at least one weeks notice. If two thirds of those attending the meeting vote in favor of the no confidence it is considered carried. Votes should be cast anonymously and in writing.

Article 21. If a vote of no confidence is carried or a bureau member resigns a general meeting should be called in a noticeable way, within four weeks and with at least two weeks notice. The general meeting should vote in a new bureau member who will be in office until the next congress. This election should abide by the electoral rules specified in chapter three of these statutes. If a vote of no confidence against the organization's president is carried or if he resigns the vice-president should take his place and a new vice-president should be elected in accordance with sentences 1-4 of this article.

Article 22. Uppreish's bureau should operate a forum for discussion called Allsherjaruppreish for every active member of the organization. The bureau should operate this forum by whatever means determined most suitable at any given time.

## V. Various articles

Article 23. Committees are working groups appointed by the bureau, Each committee should have a chair who is the committee's main contact for the bureau. A committee



chair is appointed by the bureau and should be a member of Uppreisn. Committees do not have the authority to enter into agreements or sign contracts in the name of the organization without approval from the bureau.

Article 24. It is possible to form a suborganization under the youth wing of Viðreisn. The aims and purpose of such a organization should be in accordance with these statutes and be within the broad confines of Viðreisn's manifesto. The forming of a suborganization needs authorization from the bureau of the organization.

Article 25. If any member of the organization conducts himself in an indecent fashion that goes against general morality and the policies of the organization the bureau is able to expel the individual from the organization. In those cases the individual has the right to demand a general meeting be held within two weeks, that meeting has the power to either revoke or affirm the bureau's decision in an anonymous vote in writing.

Article 26. Any major disagreements about the content of these statutes should be resolved at a congress and decided by vote.

Article 27. The decision to disband the organization needs to be carried by two thirds of attendees at two consecutive congresses. The latter congress decides how any remaining holdings of the organization get distributed. It is forbidden to distribute any holdings to members of the organization.

--

Ratified at the congress on 23. September 2016.

Amended at the congress on 22. September 2017

Amended at the congress on 29. September 2018

Amended at the congress on 28. September 2019